

Lög

um breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (notendastýrð persónuleg aðstoð).

I. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögnum koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Heimilt er að framlengja samninga sem gerðir hafa verið árið 2017 til ársloka 2018, eða fram að gildistöku laga þar sem kveðið verður á um réttinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Jafnframt er heimilt að gera nýja samninga í samræmi við heimildir í fjárlögum fyrir árið 2018.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

2. gr.

2. mgr. bráðabirgðaákvæðis 9 í lögnum verður svohljóðandi:
Ákvæði þetta gildir fram að gildistöku laga þar sem kveðið verður á um réttinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, en þó ekki lengur en til ársloka 2018.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Samþykkt á Alþingi 28. desember 2017.